

Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalin,  
skipulagsfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. mars 2013  
Tilvísun: UST20130200236/bs

**Framkvæmdaleyfi - endurgerð á Staðarbraut sem liggur að Laxárvirkjun í Aðaldal.  
Umsögn og leyfisveiting**

Vísað er til bréfs Skútustaðahrepps dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun vill benda á að einnig þarf að leita leyfis stofnunarinnar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag, þó eru heimilar án sérstaks leyfis framkvæmdir samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Þar sem ekki kemur fram í umræddu erindi að fyrirhuguð framkvæmd sé samkvæmt gildandi aðalskipulagi mun Umhverfisstofnun fjalla um erindið einnig sem beiðni um leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir umræddri framkvæmda, þar sem hér er um tiltölulega umfangslitla framkvæmd að ræða sem er að hluta innan þess svæðis sem lög nr. 97/2004 nær til. Auk þess mun framkvæmdin að líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi umrædds svæðis. Leyfið er veitt með því skilyrði að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með framkvæmdinni og frágangi að henni lokinni.

Umhverfisstofnun telur að við fyrirhugaða framkvæmd eigi að leggja áherslu á að fjarlægja aflagða vegi og fella skeringar að halla aðliggjandi lands eins og kostur er. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða endurgerð Staðarbrautar.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
sérfræðingur